

SAMSKIPTABOÐORÐIN

FRÁ HUGMYND AÐ VERULEIKA

Ekki er hægt að stunda hjúkrun án þess að eiga jákvæð og uppbyggileg samskipti við skjólstæðingana. Í hjúkrunarnáminu hugsaði Aðalbjörg Stefania Helgadóttir mikið um þetta. Hún lét verkin tala og bjó til sex boðorð um samskipti við börn en þau eiga reyndar alltaf við.



Aðalbjörg Stefania Helgadóttir er hjúkrunarfræðingur, BS, starfar á nýburagjörgæsludeild Barnaspítala Hringins og er höfundur og eigandi Samskiptaboðorðanna. Hún mun hefja meistaranám í hjúkrun á komandi hausti.

Ein af ástæðum þess að einstaklingur ákveður að leggja fyrir sig hjúkrun er þörf fyrir að leggja af mörkum til annarra. Hann hefur löngun til að hjálpa, annast um og sjá til þess að samferðamönnum okkar líði eins og best verður á kosið við aðstæður sem flestir kjósa sér ekki. Ég var ekki há í loftinu þegar ég fann fyrir þessari þörf. Þrátt fyrir það höguðu örlögin og gæfan því svo að mitt framlag til samfélagsins fólst til að byrja með í því að fjölga landsmönnum um fimm, einn

dreng og fjórar stúlkur. Ég segi gæfa því tilvera þeirra gaf minni tilveru nýjan og æðri tilgang sem ekki sér fyrir endann á. Þegar yngsta stúlkan var þriggja ára fór þörfin fyrir að leggja af mörkum til samfélagsins aftur að gera vart við sig. Til að sinna henni lauk ég fyrst sjúkraliðaprófi og svo stúdentsprófi sem ég notaði sem aðgöngumiða í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands. Hjúkrunarnámið snérist á víðtækari hátt en mig grunaði um að standa vörð um félagslega, andlega og

líkamlega vellíðan skjólstæðinga. Ég varð áþreifanlega vör við að hjúkrunarfræðingar eru sannarlega með alla þræði þjónustu við skjólstæðinga í hendi sér eins og Allen (2004) benti á. Jafnframt kynntist ég hjúkrunarfræðingum að störfum við raunverulegar aðstæður. Þeir bjuggu yfir lífs- og starfsreynslu sem hafði mótað þá og gert þá að þeim sem þeir voru þegar þeir urðu á vegi mínum. Þeir voru jafnólíkir og þeir voru margir. Eftirminnilegustu hjúkrunarfræðingarnir voru sáttir við sjálfa sig og komu fram við skjólstæðinga og samstarfsfólk af auðmýkt og virðingu; tileinkuðu sér faglega umhyggju (Sigríður Halldórsdóttir, 2006) og áttu við samferðamenn sína uppbyggileg samskipti. Það voru hjúkrunarfræðingar sem ég meðvitað og ómeðvitað gerði að fyrirmyndum mínum. Ég vildi leggja mig fram um að líkjast þeim og feta í þeirra spor vegna þess að ég fann að samskiptafærnin jók starfsánægju